Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Hildur Björnsdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 16. nóvember 2026
Málsnr. 1910010/PBG/HH

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 13. nóvember sl. var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna starfs- og fjárhagsáætlunar SSH.

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 er aðgengileg í fundargögnum.
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> **Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2027 til samtakanna verði 180 kr. á hvern íbúa.**

Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> **Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027 verði samþykkt.**

Tillagan var samþykkt.

Í 1. mgr. 7. gr. samþykkta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna skuli afgreiddar á aðalfundi og staðfestar í sveitarstjórnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2027 og er samkvæmt framansögðu óskað staðfestingar á henni. Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu þessa berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi

1. Starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2027
2. Tillaga um árgjald samþykkt á aðalfundi 2026
3. Fundargerð aðalfundar SSH 2026

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fyrir árið 2027

Starfsemi SSH hefur eflst á undanförnum árum og er enn stefnt að því að efla hana frekar. Verkefnin eru af fjölbreyttum toga og hefur umfangið á starfsemi skrifstofunnar aukist ár frá ári.

Tilgangur og markmið SSH liggja fyrir í samþykktum þeirra og eiga að endurspegla dagalega starfsemi samtakanna:

Tilgangur og markmið

SSH eru sameiginlegur málsvari aðildarsveitarfélaganna og gæta hagsmuna þeirra. SSH eru samstarfs- og samvinnuvettvangur aðildarsveitarfélaganna vegna sameiginlegra verkefna og hagsmunamála þeirra. SSH eru sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra samstarfsverkefna, t.d. byggðasamlaga, sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni.

Skal starfsemi SSH m.a. stuðla að eftirfarandi markmiðum:
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Að höfuðborgarsvæðið sé samkeppnishæft gagnvart erlendum borgarsvæðum og bjóði upp á nýsköpun, atvinnulíf, innviði og lífskjör sem eru á borð við þau bestu í heiminum.

SSH skulu hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem varða sameiginlega hagsmuni aðildarsveitarfélaga. Með sama hætti skulu SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.

SSH skulu standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

Helstu verkefni á árinu 2027

Með ofangreind markmið að leiðarljósi er það vilji stjórnar SSH að efla vettvanginn enn frekar og þá með áherslu í átt að öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Ásamt öflugu starfsfólki hafa verið fengnir til starfa verkefnastjórar vegna einstakra verkefna samtakanna til að styrkja vinnu og mótun leiða til að ná betur fram markmiðum þeirra. Oftast er verkefnastýringin fjármögnuð með fjármagni í gegnum sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Með þessari ráðstöfun hefur orðið til öflugri verkefnastjórnun og betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningu og frumkvæði er varða hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Á sumrin er ráðinn sérfræðingur á skrifstofu samtakanna í sumarstarf og hefur sú reynsla verið jákvæð. Þá hafa meistaranemar í lögfræði verið í starfsnámi hjá SSH og er vilji til þess að halda þeirri vegferð áfram.

Ný heimasíða og samfélagsmiðlar á vettvangi SSH hafa verið nýttir betur á síðustu árum. Markmiðið með því er að koma upplýsingum og áherslumálum SSH á framfæri með skilvirkari hætti en áður. Fundakerfi (ONE) hefur aukið aðgengi og öryggi gagna á þeim fundum sem haldnir eru vettvangi SSH. Með þeirri ráðstöfun hefur einnig skapast aukið aðgengi að fundargögnum, bæði kjörinna fulltrúa og almennings. Frekari þróun á nýrri heimasíðu og rafrænum aðgengismálum er fyrirhuguð á árinu 2027 eins og áður.

Skipulag og samgöngur

Samkomulag við ríkið um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 26. september 2019 og samkomulag um uppfærðan Samgöngusáttmála 21. ágúst 2024. Samhliða var

undirritað samkomulag um rekstur og stjórnskipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Eftirfylgni SSH með þessum verkefnum hefur verið mikil undanfarin ár sem og á vettvangi félagsins um framkvæmdirnar, Betri samgangna ohf. Gert er ráð fyrir áframhaldandi eftirfylgni SSH á efnisatriðum samgöngusáttmálans og samkomulögum honum tengdum á árinu 2027 líkt og á árin á undan.

Síðasti fundur svæðisskipulagsnefndar kjörtímabilsins 2022-2026 var haldinn þann 8. maí 2026. Ný Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins var skipuð í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og fundaði nefndin í fyrsta sinn þann 14. ágúst sl. Á fundinum var Guðný María Jóhannsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar, kjörin formaður nefndarinnar og Hjördís Ýr Johnsson, fulltrúi Kópavogsbæjar, kjörin varaformaður.

Vinna við framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins heldur áfram á árinu 2027. Svæðisskipulagsnefnd mun, eins og áður, afgreiða erindi sem henni berast og vinna að einstökum verkefnum sem varða framfylgd svæðisskipulagsins. Jafnframt mun nýskipuð svæðisskipulagsnefnd á næstu mánuðum meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2026, í samræmi við 26. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024

Á árinu 2024 vann SSH að nýrri sóknaráætlun fyrir tímabilið 2025-2029. Í janúar 2025 undirritaði SSH nýjan fimm ára samninga um sóknaráætlanir við þrjú ráðuneyti, þ.e. innviðaráðuneyti, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Á grundvelli samningsins og nýrrar sóknaráætlunar voru skilgreind áhersluverkefni SSH fyrir árið 2026 og lagður grunnur að þeim næstu á komandi árum. Áfram verða sterk tengsl á milli svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefna sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri SSH. aðrir starfsmenn og svæðisskipulagsstjóri hafa haldið utan um áhersluverkefni Sóknaráætlunar ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum og er gert ráð fyrir því fyrirkomulagi áfram á árinu 2027.

Byggðasamlög og skíðasvæði

Áframhaldandi utanumhald og stuðningur verður við byggðasamlögin skv. eigendastefnu Strætó bs. og Sorpu bs.

Áfram verður unnið að verkefni um stjórnsýslulega stöðu byggðarsamlaganna m.a. með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að uppbyggingu og framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Fjögur sveitarfélög innan SSH endurgerðu samning sín á milli um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á árinu 2020 og unnið var að sameiginlegu útboði um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs. Á árinu 2027 verður hefðbundin eftirfylgni samkomulagsins á vettvangi SSH ásamt því að nýtt útboð á akstri fer fram á árinu..

Þverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir

Á vettvangi SSH starfa nefndir og verkefnahópar sem gert er ráð fyrir að starfi áfram á árinu 2027.

Formlegar nefndir:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Skólamálanefnd SSH, en nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósarhreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélagnna á sviði fræðslumála.

Viðvarandi samstarfshópar:

Samráðshópur á sviði velferðarmála.

Stýrihópur vatnsverndar og vantsnýtingar.

Fagráð svæðisskipulags.

Tímabundinr samstarfs- / verkefnahópar:

Verkefnahópur um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

Verkefnahópur um ómissandi innviða á höfuðborgarsvæðinu.

Önnur verkefni

Umsjón og framkvæmd á viðhaldi höfuðborgargirðingarinnar heldur áfram venju samkvæmt á árinu 2027. Aukin áhersla verður þó á að greina frekar hugsanlega veikleika í girðingunni og setja upp netgirðingar þar sem þar á við. Á sínum tíma var ákveðið að byggja upp girðinguna sem rafmagnsgirðingu en talið er mikilvægt nú að styrkja ýmsa staði á þessari 33 km. leið með netgirðingum eins og áður sagði.

Til framtíðar þarf að huga að því að sérstakt framlag sveitarfélaganna komi til vegna viðhalds og uppbyggingar á girðingunni, þar sem framlag til þessa verkefnis er hefur hækkað í fjárhagsáætlun SSH.

Fjárhagsáætlun SSH 2027

Fjárhagsáætlun SSH endurspeglar starfsemi samtakanna. Unnin er fjárhagsáætlun fyrir rekstur og fjárhag samtakanna og haldið er sérstaklega utan um þau verkefni í bókhaldi SSH sem unnið er að á hverjum tíma. Dæmi um slíkt bókhaldslegt utanumhald er kjarnastarfsemi SSH, starfsemi svæðisskipulags, sóknaráætlana og annara verkefna sem unnin eru á vettvangi og ábyrgð SSH til skemmri eða lengri tíma.

Á skrifstofu SSH starfa fjórir starfsmenn í 3,7 stöðugildum. Um er að ræða framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra, lögfræðing og fulltrúa á skrifstofu sem sér um bókhald, afgreiðslu og vefsíðu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Utanaðkomandi verkefnastjórar halda utan um hluta áhersluverkefna sóknaráætlunar og önnur verkefni sem ráðist er í. Þá er launavinnslu útvistað ásamt aðstoð við áætlunargerð og uppgjör.

Forsendur fjárhagsáætlunar eru þær helstar að gert er ráð fyrir því að almennir rekstrargjaldaliðir hækki um 5,3 % (neysluvísitala) og laun almennt samkvæmt ramma kjarasamninga. Gert er ráð fyrir því að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki milli ára og verði 65 millj. kr. Framlag sveitarfélaganna verði 180 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2027 og hækki úr 176 kr á hvern íbúa frá fyrra ári. Hækkunin nemur 2,5%. Áætlunin gerir því ekki ráð fyrir teljandi áhrifum á framlög sveitarfélaganna á árinu 2027.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.08.2026	Hlutfall	Framlag 2026	Áætlað framlag 2027	Mismunur
Reykjavíkurborg	147,308	55.9%	25,879,392	26,515,440	636,048
Kópavogsbær	41,484	15.7%	7,326,880	7,467,120	140,240
Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	837,232	864,000	26,768
Garðabær	21,467	8.1%	3,734,368	3,864,060	129,692
Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	5,904,800	6,137,280	232,480
Mosfellsbær	14,265	5.4%	2,506,240	2,567,700	61,460
Kjósarhreppur	322	0.1%	57,376	57,960	584
					-
Samtals	263,742	100%	46,246,288	47,473,560	1,227,272

Tafla 1. Áætlun um framlög sveitarfélaganna til SSH á árinu 2027.

Til framtíðar er gert ráð fyrir því að skipta framlagi sveitarfélaganna til SSH í tvennt. Annars vegar í árgjald og hins vegar framlag til sértækra verkefna hvers árs. Aðgreind eru því með skýrari hætti framlög til rekstrar SSH og framlög til sértækra verkefna. Sveitarfélögin geta þá stýrt fjármagni til sértækra verkefna án þess að það hafi áhrif á grunnrekstur samtakanna.

Með þessu skapast líka svigrúm fyrir sveitarfélögin til þess að draga saman í starfseminni sé það vilji þeirra án þess að það hafi áhrif á grunnreksturinn.

Gert er ráð fyrir því að fjölga á skrifstofu samtakanna um eitt stöðugildi með tveggja ára aðlögun í framlögum sveitarfélaganna. Samtökin verði þá rekin með halla á árunum 2027 og 2028, og gengið þannig á uppsafnað eigið fé meðan aðlögunin á sér stað.

Hjá SSH hefur verið starfandi verkefnastjóri farsældar frá febrúarmánuði 2025. Starfið er fjármagnað með samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið og greiðir ráðuneytið allan launakostnað við starfið.

Mjög miklar líkur eru á því að samningurinn verði framlengdur um eitt ár eða eina 100% stöðu. Með því skapast hugsanlega tækifæri til þess að skipta stöðugildinu á tvö ár, en nýta hinn 50% hlutann til starfa hjá SSH. Starfið yrði síðan orðið 100% SSH stöðugildi árið 2029. Miðað er við þessar forsendur í fjárhagsáætlun samtakanna 2027 með fyrirvara um þá samninga sem að þessari breytingu snýr.

Að öllu öðru óbreyttu er gert ráð fyrir því að árgjöld sveitarfélaganna og framlög jöfnunarsjóðs muni dekka rekstur samtakanna. Verkefnakostnaði sveitarfélaganna geta sveitarfélögin stýrt frá ári til árs og haft þannig áhrif á heildarframlög þeirra á hverjum tíma, án þess að raska grunn starfsemi samtakanna eins og áður sagði.

Verkefnakostnaður	Fjárhagáætlun 2026	Fjárhagáætlun 2027
Viðhald höfuðborgargirðingar	10,000,000	5,000,000
Endurnýjun hluta höfuðborgargirðingar		10,000,000
Sóknaráætlun - framlag	6,000,000	6,000,000
Annar verkefnakostnaður	2,500,000	2,500,000
Rekstur - Út um allt	2,000,000	2,000,000
Verkefni vegna byggðasamlaga	1,500,000	1,500,000
Samtals	**22,000,000**	**27,000,000**

Tafla 2: Áætlaður sérstakur verkefnakostnaður á árinu 2027.

Í töflu 3 og 4 má sjá annars vegar áætlun fyrir samtökin til 2031 m.v. fyrrgreindar forsendur og hins vegar áhrif á framlög sveitarfélaganna á árunum 2028 og 2029.

Samantekin fjárhagsáætlun SSH 2027-2031

	2027	2028	2029	2030	2031
Tekjur 1					
Árgjald sveitarfélaganna	47.4	47.4	47.4	47.4	47.4
Framlög ríkisins	65.4	65.4	65.4	65.4	65.4
Samtals tekjur	**112.8**	**112.8**	**112.8**	**112.8**	**112.8**
Samtals Rekstrarkostnaður (nettó)	**103.3**	**101.1**	**108.7**	**108.7**	**108.7**
Niðurstaða fyrir Verkefnakostnað	**9.5**	**11.7**	**4.1**	**4.1**	**4.1**
Verkefnakostnaður	**27**	**27**	**27**	**17**	**17**
Tekjur 2					
Skilgreint árleg framlag vegna verkefnakostnaðar	**0**	**10**	**27**	**17**	**17**
Rekstrarniðurstaða	**-17.5**	**-5.3**	**4.1**	**4.1**	**4.1**
Eigið fé	**27.1**	**21.8**	**25.9**	**30.0**	**34.1**

Tafla 3. Samantekin fjárhagsáætlun SSH 2027 til 2031.

	Íbúafjöldi	Hlutfall	Framlag 2027	Framlag 2028			Framlag 2029			Mism
				Árgjald	Verkk.	Samtals	Árgjald	Verkk.	Samtals	
Reykjavíkurborg	147,308	55.9%	**26,515**	26,515	5,585	**32,101**	26,515	15,080	**41,596**	- 15,080
Kópavogsbær	41,484	15.7%	**7,467**	7,467	1,573	**9,040**	7,467	4,247	**11,714**	- 4,247
Seltjarnarneskaupstaður	4,800	1.8%	**864**	864	182	**1,046**	864	491	**1,355**	- 491
Garðabær	21,467	8.1%	**3,864**	3,864	814	**4,678**	3,864	2,198	**6,062**	- 2,198
Hafnarfjarðarkaupstaður	34,096	12.9%	**6,137**	6,137	1,293	**7,430**	6,137	3,491	**9,628**	- 3,491
Mosfellsbær	14,265	5.4%	**2,568**	2,568	541	**3,109**	2,568	1,460	**4,028**	- 1,460
Kjósarhreppur	322	0.1%	**58**	58	12	**70**	58	33	**91**	- 33
	263,742	100%	**47,474**	**47,474**	**10,000**	**57,473.56**	**47,474**	**27,000**	**74,474**	- **27,000**

Tafla 4 Áætluð framlög sveitarfélaganna árin 2028 og 2029.

Frá árinu 2022 hefur verið unnið að þróun á nýrri heimasíðu SSH og verður hún endurbætt áfram og þróuð á árinu 2027.

Ljóst er að slagkraftur samtakanna verður einnig að aukast í gegnum nútíma miðlun upplýsinga m.a. með því að útbúa efni og setja fram á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Í þarfagreiningu nýrrar heimasíðu kom fram að mikilvægt er að halda vel utan um efni síðunnar og koma efninu mun markvissar á framfæri við markhópa og hagaðila.

Samantekið verða því á árinu 2027 tekin frekari skref í þá átt að efla slagkraft starfseminnar m.a. aukningu um hálft stöðugildi og með aðkeyptum greiningum sérfræðinga. Á sama tíma efla virkni á netinu m.a. með nýrri heimasíðu og aukinni virkni á samfélagsmiðlum til að koma efni og áherslum samtakanna á framfæri. Í fjárhagsáætlun 2027 er áætlað fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónustu m.a. vegna framangreindra þátta um 6.5 millj. kr.

Hugað verður vel að starfsmannaþætti samtakanna á árinu 2027 m.a. með hagnýtum námskeiðum sem nýtast hverjum og einum út frá starfi og styrkur til heilsuræktar og - eflingar er áætlaður 30.500 kr. á árinu 2027.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2027 eru þær að gert er ráð fyrir tapi sem nemur 17,5 millj. kr og handbært fé í árslok 2027 verði um 33,6 millj. kr. Tapi ársins er mætt með lækkun á eigin fé.

SSH FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

		Raunt. M01-08 áætlun M09-12	Fjárhagsáætlun 2026	Fjárhagsáætlun 2027
TEKJUR				
	Árgjöld aðildarsveitarfélaganna	-46,246,288	-46,034,912	-47,473,560
	Framlag jöfnunarsjóðs	-62,646,756	-60,000,000	-65,435,034
	Aðrar tekjur	0	0	0
	TEKJUR ALLS:	**-108,893,044**	**-106,034,912**	**-112,908,594**
REKSTRARGJÖLD				
	Laun og launatengd gjöld	63,389,145	63,659,017	75,926,759
	Húsnæðiskostnaður	9,718,737	9,720,270	13,798,493
	Skrifstofa, uppl.kerfi, fundakostn. o.fl.	21,933,815	22,804,586	22,989,872
	Samtals rekstur skrifstofu	**95,041,697**	**96,183,873**	**112,715,124**
	Hlutdeild ríkisins í sóknaráætlun	-1,720,250	-1,720,250	-1,828,354
	Hlutdeild svæðisskipulags	-5,000,000	-5,000,000	-5,000,000
	Hlutdeild tímab. verkefna	0	0	0
	Samtals framlag til rekstrar	**-6,720,250**	**-6,720,250**	**-6,828,354**
	Nettó rekstur skrifstofu	**88,321,447**	**89,463,623**	**105,886,770**
Verkefnakostnaður		22,011,000	**22,000,000**	**27,000,000**
Fjármagnsliðir		-3,597,259	-2,500,000	-2,500,000
HEILDARNIÐURSTAÐA		**-2,157,856**	**2,928,711**	**17,478,176**

Tafla 5: Fjárhagsáætlun SSH 2027.

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur SSH
13. nóvember 2026

Tillaga til aðalfundar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2027 til samtakanna verði 180 kr. á hvern íbúa.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2026, föstudaginn 13. nóvember, var haldinn 50. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og aðalfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SSH). Fundurinn var haldinn í Friðrikssal í Bókasafni Hafnarfjarðar og hófst kl. 12:45. Fundarmenn eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

Þetta gerðist:

1. Setning aðalfundar

Hildur Björnsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur og formaður stjórnar SSH, setti fund, bauð gesti velkomna og stýrði kjöri fundarstjóra.

Karólína Helga Símonardóttir, var kjörin fundarstjóri og tók hún við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörinn Sigurður Nordal.

2. Aðalfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

1. ***Skýrsla stjórnar um liðið starfsár***

   Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SHS.

2. ***Framtíðaruppbygging SHS***

   Birgir Finnsson settur slökkviliðsstjóri.

3. ***Verkefni og áskoranir forvarnasviðs SHS***

   Aldís Rún Lárusdóttir, sviðstjóri forvarnasviðs og settur varaslökkviliðsstjóri.

Opnað var fyrir umræður og fyrirspurnir að loknum erindum. Enginn tók til máls.

Nánar er gerð grein fyrir aðalfundi SHS í sérstakri fundargerð hans.

3. Verkefnaflóra SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fjallaði um verkefni á vettvangi SSH.

4. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins

Þorsteinn Hermannsson, framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., kynnti yfirstandandi verkefni félagsins.

5. Sameiginlegur innkaupavefur sveitarfélaganna

Sigurður Guðjón Jónsson, ráðgjafi hjá COWI, fjallaði um fyrirhugaðan innkaupavef aðildarsveitarfélaga SSH og næstu skref þess verkefnis.

6. Fyrirspurnir og umræður

Því næst var opnað fyrir fyrirspurnir og umræður um erindi framsögumanna. Enginn tók til máls.

7. Fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt 3. gr. samþykkta SSH

1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnti framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2025.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur kr. 93.918.574
Rekstrargjöld kr. 98.187.340
Fjármunatekjur kr. 4.055.717
Afkoma ársins kr. -213.049

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 120.114.658
Eigið fé kr. 32.436.290
Skammtímaskuldir kr. 87.678.368
Eigið fé og skuldir samtals kr. 120.114.658

Endurskoðaður ársreikningur 2025 er aðgengilegur í fundargögnum.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 er aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2027 til samtakanna verði 180 kr. á hvern íbúa.

Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2026 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2027 verði samþykkt.

Tillagan var samþykkt.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Lagt er til að skoðunarmenn verði Róbert Ragnarsson Reykjavíkurborg og Stella Stefánsdóttir Garðabæ.
>
> Lagt er til að endurskoðandi SSH fyrir næsta starfsár verði KPMG endurskoðun.

Tillagan var samþykkt.

8. Önnur mál og umræður

Önnur mál voru ekki á dagskrá.

Því næst var opnað fyrir umræður. Enginn tók til máls.

9. Formannsskipti og fundarslit

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs tók við formennsku í stjórn SSH af Hildi Björnsdóttur borgarstjóra Reykjavíkur.

Ásdís Kristjánsdóttir formaður stjórnar SSH sleit fundi kl. 15:15.

Sigurður Nordal fundarritari

Nafnalisti

Almar Guðmundsson
Anna Ragnheiður Möller
Árni Rúnar Þorvaldsson
Ásdís Kristjánsdóttir
Björg Fenger
Björg Magnúsdóttir
Einar Jóhannes Guðnason
Einar Þorsteinsson
Guðný María Jóhannsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Hilmar Gunnarsson
Karólína Helga Thoroddsen
Kristín María Thoroddsen
Líf Magneudóttir
Orri Björnsson
Ólafur Ingi Óskarsson
Róbert Ragnarsson
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Sigurþór Ingi Sigurðsson
Sigurþóra Bergsdóttir
Þór Sigurgeirsson
Þórður Þórarinsson